




Lýðræðisverkefni

Helstu verkefni og næstu skref

Agnes Guðjónsdóttir, deildarstjóri ráðgjafar ÞON
Agnes.gudjonsdottir@reykjavik.is



Lýðræðisverkefni og næstu skref




- Lýðræðisverkefni fluttu frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til þjónustu- og rekstrarsviðs þann 1. september 2025.
- Lýðræðisstefna er í gildi til ársins 2030.



Lýðræðisverkefni og næstu skref

- Borgarstjórn samþykkti þann 25. júní 2025 tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um aðgerðir til að efla íbúalýðræði.
- Útfærsla tillögu um aðgerðir til að efla íbúalýðræði, unnin út frá *OECD Guidelines for Citizen Participation Processes* og aðferðum *International Association for Public Participation*, var lögð fram í stafrænu ráði 9. september 2025.





Tillaga samþykkt í borgarstjórn




Lagt er til að borgarstjórn samþykki eftirfarandi aðgerðir í tilraunaskyni til að efla íbúalýðræði og samráð við íbúa um málefni borgarinnar. Haldnir verði samráðsfundir og vinnustofur með hagaðilum í hverfum, þar sem ræddar verði áskoranir, tækifæri og aðkallandi verkefni hverfa. Niðurstöður fundanna verði unnar og lagðar fram fyrir viðkomandi fagrað og notaðar í vinnu við hverfisskipulag eða lausnamót. Settar verði á legg stærri vinnustofur í hverjum borgarhluta og íbúum boðið til stærra samtals með borgarstjórn og starfsfólki. Hverfið mitt verði útfært sem mót þar sem fólk kemur saman til að finna lausnir til að bæta hverfin og stuðla að samsköpun og samvinnu íbúa á milli sem og við sérfræðinga borgarinnar. Fjármagnið stuðli að framkvæmd þeirra verkefna sem þróast í gegnum lausnamótið. Borgaraþing verði þróað áfram með stærra úrtaki af slembivöldum fulltrúum sem dragi innblástur af reglum OECD um borgaraþing og áherslu á aðgengi borgara frá fjölbreyttum tungumála- og menningarheimum. Viðmót og ferlar ábendingagáttar og tengingar við Mínar síður verði þróaðar áfram og farið í endurbætur á kortasjám borgarinnar. Markmiðið er tímanleg, gagnsæ og viðeigandi upplýsingagjöf til íbúa. Verkefnið Borgarbúar óskast verður útvíkkað með því að kalla eftir hverfisleiðtogum, þ.e. áhugasömum íbúum sem gegna hlutverki tengiliða síns hverfis og safna saman sjónarmiðum íbúa, og málefnaleiðtogum, sem eru íbúar með þekkingu og áhuga á tilteknum málaflokkum og taka þátt í samráði tengt þeim.



Lýðræðisstefna

- Lýðræðisstefna er í gildi til ársins 2030.
- Aðgerðaráætlun var í gildi fyrir árin 2021 til 2024 og þurfti því að vinna nýja aðgerðaráætlun.
- Stýrihópur um mótun aðgerðaráætlunar lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, skipaður af stafrænu ráði þann 24. september 2025, endurskoðar og uppfærir aðgerðaráætlun fyrir tímabilið 2026 til 2030.





Verkefni í gangi

Borgaraping

Síðasta borgaraping var haldið þann 13. september s.l. Þingið fjallaði um framtíðarsýn borgarinnar um kolefnishlutleysi og fór fram í fjórum umræðuflokkum:

Gönguborgin Reykjavík, hjólaborgin Reykjavík, útilífsborgin Reykjavík og almenningssamgönguborgin Reykjavík

Skólaheimsóknir í Ráðhús

Samþykkt í forsætisnefnd þann 20. júní s.l. að skólaheimsóknir verði framhaldið frá hausti 2025 fram til mars 2026.

Samráðsgátt

Utanumhald um samráðsgáttina hefur verið á höndum sérfræðing í lýðræðismálum.

Slembival – til þátttöku

Samningur við Premis/Origo um forrit til slembivals. skv OECD viðmiðum.



Verkefni í gangi

Hverfissjóður

Verkefni sem áður var á ábyrgð íbúaráða. Samkvæmt úthlutunarreglum hverfissjóðs fer úthlutun fram tvisvar á ári, frá 15. október til 15. apríl og frá 15. september til 15. október.

Við síðustu úthlutun bárust yfir 70 umsóknir. Borgarráð úthlutar eftir að íbúaráð voru lögð af og utanumhald um úthlutanir hefur verið á höndum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Færist til ÞON frá 1. september n.k.

Hverfið mitt

Samtal við íbúa um verkefni sem enn hefur ekki verið hrint í framkvæmd. Samtal við USK ef íbúar hafa athugasemdir við framkvæmd verkefna.

Að öðru leyti er þetta verkefni stöðvað skv. ákvörðun stýrihóps um hverfið mitt frá því vorið 2024 en hugbúnaður og viðmót er enn til staðar.





Önnur verkefni

Skv. minnisblaði mannréttindastjóra, dags. 1. júlí 2025

MSS25050075

- Tengiliður við Almannaheill vegna fundar fólksins, samstarfsamningur við Reykjavíkurborg.
- Ráðgjöf við svið og skrifstofur vegna einstakra samráðsverkefna sem og samráðsferla.
- Samstarf og ýmiskonar þróunarverkefni þar með talið loftslagsborgarsamningur Reykjavíkurborgar.
- Samstarf vegna styrks úr Þróunarsjóði innflytjendamála.



Reykjavík